



Myndmennt 2.bekkur 2018-2019

Kennari: Gunnar Gunnarsson

Fjöldi kennslustunda: 1 tími í viku.

Markmið:

- Að þroska og þjálfa hug og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, þekkingu og reynslu í margs konar efnivið með viðeigandi vinnubrögðum.
- Að efla hugmyndaflug, sköpunarhæfileika, sjálfstraust og sjálfstæði nemenda.
- Að hjálpa nemendum að tileinka sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að vekja áhuga og auka þekkingu nemenda á listum. (Sjá Aðalnámskrá grunnskóla)

Námsþættir:

Nemendur læra meira í litafræði þ.e. um frumliti, andstæða liti, heita og kalda liti og vinna verkefni tengt því. Einnig gera þau haustlitamynd. Nemendur læra betur um grunnformin og vinna myndir með þeim samhliða vinnu með litina. Nemendur læra um myndbyggingu. Þeir kynnast hugtökum eins og sjóndeildarhring á myndfleti, forgrunni, miðmynd og bakgrunni og vinna verk með klippitækni (collage) svo þessi hugtök verði þeim töm. Einnig verður unnið með þekjulitum, vaxlitum, bleki og trélitum við myndir sem þjálfa myndbygginguna. Nemendur læra einnig um áferð hluta og gera verkefni tengt því.

Kennsluaðferðir: Kennari gerir nemendum grein fyrir verkefni í byrjun tíma, notar gjarnan töflu, tölvu, skjávarpa og bækur til skýringa. Einnig er farið í vettvangsferðir og hlutir skoðaðir og jafnvel teknir og notaðir til myndgerðar.

Námsmat:

Horft er til allra hæfnismarkmiða og einstakir matsþættir s.s. virkni og vinnubrögð eru metnir. Einkunn er gefin í bókstöfum.